

Til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Frá Dögg Pálsdóttur.

MINNISBLAÐ

Efni: Samanburður á ákvæðum almannatryggingalaga og frv. til laga um félagslega aðstoð og rök fyrir nauðsyn uppstokkunar þeirrar sem geró er á bótum í frv. til laga um almannatryggingar og um félagslega aðstoð.

Í frv. til laga um félagslega aðstoð hafa verið færð þau ákvæði gildandi almannatryggingalaga sem þykja bera keim félagslegrar aðstoðar. Ástæðan fyrir þessum flutningi er sú að með breytingu nr. 1247/92 á reglugerð 1408/71 (sem er reglugerð EB á sviði almannatrygginga) var ákveðið að reglur EB á sviði almannatrygginga skyldu einnig ná til bóta félagslegrar aðstoðar sem bæru keim bóta almannatrygginga. Í rökstuðningi fyrir þessari breytingu er bent á að þessar batur séu oft veittar á grundvelli nauðsynjar og að skilyrði þeirra séu hvorki tryggingartímabil né iðgjöld. Í öðrum tilvikum séu slíkar batur mjög líkar bótum almannatrygginga m.t.t. þess hvernig hvernig þeim er úthlutað. Til að vernda réttindi launamanna sem flytjast innan svæðisins í atvinnuskyni var því ákveðið að batur sem bera keim félagslegrar aðstoðar falla undir ákvæði reglugerðar 1408.

Skilyrði þess að batur teljist batur félagslegrar aðstoðar en ekki almannatrygginga eru:

- * Að nauðsyn, þ.e. einstaklingsbundið mat, ráði hvort hlutaðeigandi fær bæturnar.
- * Að tekjustaða hafi áhrif á hvort hlutaðeigandi fær bæturnar.
- * Að fjármögnun bótanna sé aðskilin fjármögnun bóta almannatrygginga.

Batur skv. frv. til laga um félagslega aðstoð og samanburður við ákvæði almannatryggingalaga um sömu batur.

1. Mæðra- og feðralaun:

Almannatryggingalög: heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar eftir breytingu með lögum nr. 104/1992.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

2. Barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18-20 ára:

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði. Heimilt að taka tillit til efnahags og synja ef efnahagur er sérstaklega góður.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

3. Umönnunarbætur:

Almannatryggingalög: "Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna ..."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði og heimild til tekjutengingar.

4. Endurhæfingarlífeyrir:

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði og heimild til tekjutengingar.

5. Makabætur.

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

6. Ekkju- og ekklabætur:

Almannatryggingalög: "Hver sem á lögheimili her á landi og verður ekkja eða ekill innan 67 ára aldurs á rétt á bótum ..."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

7. Ekkjulífeyrir:

Almannatryggingalög: ".....á hver sú kona sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs" Rétturinn er bundinn við lögheimilistíma. Heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri þó hún hafi verið yntri er maðurinn lést enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár. Ákvæðið á við eftir því sem við á um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður ef þær eru orðnar 50 ára þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

8. Heimilisuppbót.

Almannatryggingalög: "skal að auki greiða heimilisuppbót. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

8. Sérstök heimilisuppbót:

Almannatryggingalög: Byggir á heimildinni "Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Skylda ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga.

9. Uppbætur vegna sérstakra aðstæðna:

Almannatryggingalög: Byggir á heimildinni "Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.

10. Uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir:

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði tengt nauðsyn "...ef sýnt þykir að bótapegi geti ekki komist af án uppbótarinnar..."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimildarákvæði með heimild til tekjutengingar.